

Nd.

375. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður
2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðatærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði lækni eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyrir en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyrir en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 4. gr. komi ný málsg., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa og fara að jafnaði við tilnefninguna að vilja hins sjúka. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.–2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.